

Persónuverndartilkynning um gagnasöfnunarbíl



Við hjá Tesla þróum og notum sjálfvirkni í miklu magni í ökutækjum, vélmennum og fleiru. Við trúum að nálgun sem byggir á framsækinni gervigreind í framtíðarsýn og áætlanagerð, studd skilvirkri notkun á ályktunarvélbúnaði, sé eina leiðin til að fá almenna lausn á fullri sjálfkeyrslugetu og fleiru.

Ef þú ert að lesa þessa persónuverndartilkynningu („tilkynningin“) gætirðu hafa séð gagnasöfnunarbíl frá okkur á ferðinni. Þessir bílar eru í eigu og rekstri Tesla, greinilega merktir og búnir skynjurum og myndavélum til að gera prófanir í raunverulegu umhverfi. Markmiðið með þeim er að afla gagna fyrir rannsóknir, prófanir og þróun á nýjum öryggisbúnaði og tækni fyrir bíla. Hér að neðan lýsum við því hvaða gögnum gagnasöfnunarbílarnir okkar safna, í hvaða tilgangi, hvernig öryggis er gætt við meðhöndlun gagnanna og hvaða réttindi þú hefur sem skráður aðili.

Gögn sem við söfnum

Gagnasöfnunarbílar eru búnir skynjurum (til dæmis myndavélum, ratsjám, LiDar-skynjurum og ómsjáum, sem nefnast einu nafni „skynjararnir“). Þegar gagnasöfnunarbíll er í notkun munu skynjarar hans taka upp myndir og vídeó af umhverfinu og senda þessar skrár („skynjaragögn“) á Tesla-netþjóna til greiningar og rannsókna. Við söfnum skynjaragögnum eingöngu í þeim tilgangi að staðfesta og bæta getu vöru okkar og ökutækjakerfa til að greina á milli hluta í umhverfi sínu og ekki í þeim tilgangi að þekkja þig sem einstakling.

Hvernig við notum gögn

Við notum skynjara- og myndavélagögnin sem gagnasöfnunarbílarnir okkar afla til að styðja við rannsóknir og sannprófanir á bílaflota okkar. Nánar tiltekið greinum við gögnin til að skilja akreinalínur, umferðarmerki, stærð og hreyfingu hluta í umhverfinu,

Þróa og þjálfa skynjara sem notaðir verða í háþrúðum akstursaðstoðarkerfum okkar í tengslum við vörur okkar og þjónustu.

Við tökum skýrt fram að skynjara- og myndavélagögn sem gagnasöfnunarbílar afla eru ekki keyrð saman við önnur gögn sem Tesla getur notað til að bera kennsl á þig eða taka einhverjar ákvarðanir um þig. Bíllinn getur ekki greint andlit eða notað nokkra aðra aðferð til að auðkenna fólk. Þetta hjálpar okkur að þróa og sannreyna öflug reiknirit sem virka við flóknar aðstæður. Hér að neðan sést til dæmis hvernig bíllinn gæti túlkað raunverulegt umhverfi:

Túlkar raunverulegt umhverfi



Staðfesting á akreinalínu



Skynjun gangandi vegfaranda



Bílgreining



Myndræn útfærsla á þjálfun tauganets



Tauganetið notar inntaksgögn úr myndavélum og skynjurum til að búa til úttak um veginn, mannvirki og þrívíddarhluti á hreyfingu eins og sýnt er hér að ofan. Tesla safnar skynjaragögnum á grundvelli lögmætra hagsmuna sinna til að þróa, þjálfa og sannreyna reiknirit fyrir háþrúð akstursaðstoðarkerfi sín. Þar að auki ber Tesla lagaleg skylda til að tryggja að ökutæki sín samræmist gildandi stöðlum um vöruöryggi, auk þess að þjóna þeim almannahagsmunum að auka umferðaröryggi fyrir akandi og gangandi vegfarendur. Tesla geymir skynjaragögn einungis eins lengi og nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem þeim var safnað og notast við persónuverndartækni svo sem notkun gerviauðkenna, nafnleysi og fleira.

Skynjaragögnin sem gagnasöfnunarbílarinn safna eru ekki seld eða deilt með þjónustuveitendum þriðju aðila. Skynjaragögn eru einungis í vörslu Tesla og dóttur- eða hlutdeildarfélaganna okkar (fyrirtækja sem Tesla á eða stýrir eða þar sem við eigum verulegan eignarhlut).

Gagnaflutningar milli landa

Tesla er alþjóðlegt fyrirtæki og við störfum á alþjóðavettvangi. Heimilt er að flytja persónuupplýsingar til Tesla í Bandaríkjunum og annarra landa en búsetulands þíns eða þar sem persónuupplýsingum var fyrst safnað. Við tryggjum að flutningur persónuupplýsinga fari fram í samræmi við gildandi persónuverndarlög og einkum að viðeigandi samningsbundnar, tæknilegar og skipulegar öryggisráðstafanir séu fyrir hendi. Flutningur Tesla milli landa á persónuupplýsingum sem safnað er á EES-

svæðinu, í Bretlandi og í Sviss heyra undir stöðluð samningsákvæði (og samsvarandi útfærslur á hverjum stað).

Réttindi og val

Með fyrirvara um landslög hefur þú rétt til að fá upplýsingar um og biðja um aðgang að persónuupplýsingum sem við vinnum um þig; uppfæra og leiðréttá ónákvæmni í þessum upplýsingum; láta takmarka eða eyða upplýsingum; mótmæla vinnslu á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar; afturkalla samþykki þitt fyrir tiltekinni notkun á gögnum; og leggja fram kvörtun til persónuverndaryfirvalda í heimalandi þínu. Þú gætir líka haft rétt til að sæta ekki sjálfvirkri ákvarðanatöku, þar á meðal gerð persónusniðs þegar slíkt hefði lagaleg eða álíka marktæk áhrif á þig; og réttinn til að flytja eigin gögn með tilliti til gagnanna sem þú veittir okkur. Til að senda inn spurningu skaltu senda okkur tölvupóst. Þú getur einnig haft samband við og átt rétt á að leggja fram kvörtun til persónuverndaryfirvalda í heimalandi þínu.

Athugaðu að skynjaragögnum er ekki safnað þannig að Tesla geti borið kennsl á tiltekna einstaklinga og framangreind réttindi geta því verið takmörkuð.

Hvernig á að hafa samband við okkur

Tesla-aðilinn sem starfrækir gagnasöfnunarbílinn á þínu svæði er er ábyrgur fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem lýst er í þessari tilkynningu (einnig nefndur „ábyrgðaraðili“). Þú getur sent persónuverndarfulltrúa okkar spurningar eða erindi með því að senda okkur tölvupóst.

Uppfærslur á þessum upplýsingum

Við gætum þurft að uppfæra þessa tilkynningu öðru hverju, til dæmis þegar lagalegar kröfur breytast. Ef það gerist látum við þig vita með því að breyta dagsetningunni á síðustu uppfærslu tilkynningarinnar á vefsvæði okkar.